



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Kennsluáætlun 2019-2020

Fag: Íþróttir

Bekkur/samkennsluhópur: 5.-6. bekkur

Kennari/kennarar: Dagný Erla Ómarsdóttir

Fjöldi kennslustunda í faginu á viku: 2x 60 mín

Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið: u.þ.b. 60

Tímabil: Allt skólaárið

Efni/þema sem tekið er fyrir

Leikir með mikilli hreyfingu, styrktar- og þolæfingar. Hringþjálfun og stöðvaæfingar og teygjur.

Helstu boltaíþróttir (fótbolti, handbolti, körfubolti, blak) í formi leikja en einnig lögð áhersla á að nemendur læri helstu leikreglur í þessum íþróttum. Einnig farið í bandý, badminton, fimleikar; klifur í rimlum, sveiflur og klifur í köðlum, handstaða, handahlaup, höfuðstaða og kollhnísar, stökk yfir hest, kubb og kistu og stökk þar sem notað er trampólín.

Áhersla á umburðarlyndi, virðingu og vináttu

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð)

Samhliða verklegri kennslu verður einnig rætt við nemendur um heilsurækt og gildi hreyfingar.

Með tilliti til þroska taugakerfis þessa aldurshóps eru nemendur mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi og námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill. Því er einnig lögð áhersla á leiknimiðuð markmið af ýmsum toga s.s. í leikfimi, boltafærni, köstum eða stökkum.

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

Hreyfing og afkastageta

- geti gert æfingar sem reyna á loftháð þol
- geti gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols
- geti gert samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu
- geti sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum
- geti tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu
- nái valdi á undirstöðuatriðum ólíkra íþróttagreina
- fái tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu á þoli, styrk, hraða og liðleika

Félagslegir þættir og samvinna

- sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.
- gert sér grein fyrir mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt
- stundi íþróttir, leiki og hreyfingu eftir eigin áhuga
- geti leyst úr ágreiningsmálum sem koma upp á jákvæðan hátt
- taki tillit til annarra og séu reiðubúin að taka þátt í verkefnum sem reynir á samvinnu

Öryggi og skipulag

- beri virðingu fyrir eigum annarra
- tileinki sér samskiptareglur í íþróttum og framfylgi þeim

Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

- fari eftir fyrirmælum íþróttakennara sem og starfsfólks í íþróttamiðstöð og sundlaug
- geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og fari eftir þeim bæði í sundlaug og í íþróttahúsi
- komi með viðeigandi íþróttaföt og handklæði í tíma

Markvisst og reglulega er unnið með eftirfarandi lykilhæfni í kennslu og efnistöðum

Lykilhæfni nemenda	Dæmi um útfærslu sem nýtt verður
Tjáning	Nemendur geti tjáð sig um viðfangsefnið og sagt sína skoðun
Hlustun	Nemendur hlusti á fyrirmæli kennara og á hvort annað
Miðlun upplýsinga og þekkingar	Nemendur hvattir til að hjálpast að og vinna saman. Nemendur hvattir til að færa það sem þau læra inn á heimilin.
Skapandi úrvinnsla	Nemendur hvattir til að vera óhrædd við að spyrja spurninga og koma með sínar hugmyndir
Gagnrýnin hugsun	Umræður og spurningar um það sem tengist námsefninu
Sjálfstæði	Unnið að þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum
Samvinna	Nemendur þurfa að geta unnið saman sem hópur og sem lið. Einnig að vera góður félagi og geta verið með öllum í liði
Nýting miðla og upplýsinga	
Ábyrgð á eigin námi	Nemendur bera ábyrgð á eigin frammistöðu
Seigla/úthald	Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta og gefast ekki upp
Mat á eigin námi	

Helstu kennsluaðferðir

- () Útlistunarkennsla () Útikennsla/útinám
- () Þulunám/þjálfunaræfingar () Söguaðferð
- () Innlifunaraðferðir. T.d. leiklist í kennslu og hlutverkaleikir

Umræða/spurnaraðferðir

Leitarnám

Spil/námsleikir

Samvinnunám

Annað

Hvað? _____

Kann, vill vita hef lært

Hóþavinna

Þemanám

Verklegr kennsla (LBD)

Samþætt markvisst við aðrar námsgrein

Hvaða? _____

Heimanám:

Daglega

2-3 sinnum í viku

1 sinni í viku

1 sinni til tvisvar í mánuði

Nánast ekkert

Frjálst/ nemendastýrt

Ekkert heimanám

Námsmat:

Hlutfall sjálfsmats:

Hlutfall verkefnaskila:

Hlutfall símats kennara:

Hlutfall lokamats:

Verkefnaþing og/eða vinnubækur:

Leiðsagnarmat nýtt: já () Nei ()

Helstu námsgögn/ námsveitur/ aðföng:

Dagný Erla Ómarsdóttir

Seyðisfjarðarskóli september 2019